



ORKUSTOFNUN

Munnmæli um jarðhita í Gunnarsholti á Rangárvöllum

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-93-01



MUNNMÆLI UM JARÐHITA Í GUNNARSHOLTI Á RANGÁRVÖLLUM

Undirritaður var á ferð í Gunnarsholti á Rangárvöllum um mánaðamótin júlí-ágúst 1977 að beiðni Landgræðslu ríkisins. Tilefnið var m.a. að skoða þá staði í námunda við Gunnarsholt sem tengdust munnmælasögum um jarðhita. Hér á eftir fylgir lýsing á þeim og heimildir, samkvæmt dagbók frá þessum tíma og eru lýsingarnar þar dagsettar 3. ágúst 1977.

1. Í Hróarslæk rétt vestan bæjar, sem ber sama nafn, eru tveir hólmar. Hróarslækur rennur þarna alveg við hraunbrúnina. Rétt við hólmana standa fram úr brúninni tvær klettnasir, sem ná fram á lækjarbakkann, og eru réttartættur undir þeirri nyrðri. Þegar bærinn Kornbrekkur var í byggð (t.o.m. 1924) var þarna rétt, sem notuð var vor og haust, en kartöflugarður að sumri. Undir þessari klettnös var hermt að jarðhiti hafi áður fundist, sem sandurinn hafi fært í kaf, hiti óþekktur. (Heimildamaður: Jón Magnússon fjárgæslumaður í Gunnarsholti, búsettur á Hellu. Hann var fæddur að Kornbrekkum og alinn þar upp til 12 ára aldurs er bærinn fór í eyði (1924). Hann var einn eftirlifandi af þeim sem bjuggu á þessu svæði áður en sandurinn færði allt í kaf. Hann kannaðist ekki við sagnir um aðra jarðhitastaði á svæðinu, sbr. 2 og 3)
2. Rétt austan við þar sem bærinn Reyðarvatn stendur nú, koma tvær lækjarsprænur undan hraunbrúninni og renna í Hróarslæk. Á fyrri hluta aldarinnar stóð bærinn á tungunni milli þessarar lækja. Einhvers staðar við eystri lækinn og þá trúlega við hraunbrúnina hermdu sagnir að áður hafi orðið vart jarðhita, sem hafi farið á kaf í sand. (Heimildamaður: Vilhjálmur Heiðdal, starfsmaður hjá Pósti og síma, Umferðarmiðstöðinni. Hann var tvö sumur í sveit á Reyðarvatni um 1924, þá 10-12 ára gamall.)
3. Skammt norðan við Gunnarsholt í svokölluðum Gunnlaugsskógi er hvanngræn laut við hraunbrúnina, sem sker sig úr umhverfinu fyrir sinn græna lit. Rétt neðan við lautina (og slóð) kemur lítill lækur fram en átti áður upptök sín alveg við hraunbrúnina. Talað hefur verið um að ylur væri í þessum læk enda frýs hann ekki. Refaskytta frá Hellu er var á ferð þarna fyrir nokkrum árum í froststillu að vetrarlagi sá gufu koma upp úr smásprungu í hraunbrúninni. (Heimildamaður: Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.)

Undirritaður skoðaði ofangreinda þrjá staði, m.a. með hitamælistaf, en fann þar engan yl né ummerki sem hægt væri að tengja jarðhita. Skýra má græna jörð og gufur í froststillum með kaldavermslum, eins og mýmörg dæmi eru um annars staðar, og þau frjósa ekki. Verður það að teljast líklegasta skýringin að baki ofangreindum munnmælasögum. Niðurstaða ferðarinnar sumarið 1977 var að mæla ekki með frekari jarðhitaleit á svæðinu.


Lúðvík S. Georgsson